

Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfa

Skýrsla stjórnar 2018

Í upphafi árs 2018 var aðalfundur fyrir árið 2017 haldinn. Félagafundir hverfisráðs voru tveir á árinu en einnig var haldinn íbúafundur vegna sérstaks málefnis. Hverfisráð nýtir opinn hóp á Facebook að nafni Betri hverfi í Holtahverfi, Tunguhverfi og Seljalandi, sem samanstendur af íbúum hverfana, til að fylgjast með umræðu og hugmyndum sem hafa það að markmiði að gera hverfin betri. Það er einnig vettvangur sem hverfisráð notar til að koma upplýsingum á framfæri við íbúa ef eitthvað stendur til.

Nefndarmenn eru:

Elísabet Samúelsdóttir	<i>Formaður</i>
Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir	<i>Ritari</i>
Heiðrún Rafnsdóttir	<i>Aðalmaður</i>
Finney Raket Arnadóttir	<i>Aðalmaður</i>
Vala Dögg Petrudóttir	<i>Aðalmaður</i>
Marteinn Svanbjörnsson	<i>Varamaður</i>
Tumi Jóhannsson	<i>Varamaður</i>

Verkefni á árinu

Leikvöllur í Tunguhverfi

- Framkvæmdarfé ársins 2017 átti að vera varið í uppbyggingu á leikvelli í Tunguhverfi. Leiktækin voru kostuð árið 2015 og voru til staðar. Ítrekaðar óskir hverfisráðs um framgöngu í málinu á árinu 2017 dugðu ekki til og var staða verkefnis óljós. Skilningur hverfisráðs, eftir samskipti við starfsmenn Ísafjarðarbæjar á aðalfundi ársins 2017, var sá að nýta ætti framkvæmdarfé ársins 2017 til uppbyggingar á leikvelli Tunguhverfis á árinu 2018. Það eru kr. 2.000.000,-.

- Í upphafi maímánaðar gerði Hverfisráð athugasemd við að undirbúningur að framkvæmd á leikvelli í Tunguhverfi hafði verið tímafrekur og unnist illa. Óskað var eftir skilvirkum aðgerðum svo unnt væri að koma verkefninu í framkvæmd.
- Þann 23. maí 2018 fékk hverfisráð fyrst upplýsingar um kostnaðarmat vegna framkvæmdar á leikvelli í Tunguhverfi sem hljóðaði upp á kr. 8.866.000,-. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar lögðu til að einungis yrði farið í að setja upp leiktækin og möl í kringum leiksvæðið, sá kostnaður myndi hljóða upp á kr. 2.560.000,- m/vsk.
- Boð Ísafjarðarbæjar var að nýta framkvæmdarfé ársins 2018 í verkefnið og að sá kostnaður sem væri umfram, það er kr. 560.000,-, myndi bærinn leggja til verkefnis með tilliti til þess að ekki hafi verið hafist handa á árinu 2017.
- Hverfisráði þótti hveimleitt að Ísafjarðarbær ætli að ganga framhjá fullnýtingu á framkvæmdarfé ársins 2017 og boðaði til **Íbúafundar** 25. maí 2018 vegna stöðunnar sem upp var komin.
- Það var ályktun íbúafundar að framkvæmd á leikvelli í Tunguhverfi mætti ekki mæta frekari töfum. Áhersla var lögð á að hefja framkvæmdir sem fyrst sumarið 2018. Það var vilji íbúa að komast að samkomulagi við Ísafjarðarbæ um ráðstöfun framkvæmdarfés.
- Framkvæmdir við leikvöllinn hófust á árinu, en óljóst er um verklok.
- Í september lýsti hverfisráð yfir mikilli óánægju við Ísafjarðarbæ með framgang mála og óskaði eftir fundi með bærarstjóra og fulltrúum bæjarráðs í þeirri von um að fá áheyrn vegna málsins. Ísafjarðarbær hefur ekki orðið við þeirri beiðni. Þar af leiðandi hefur hverfisráði ekki gefist kostur á að komast að samkomulagi við Ísafjarðarbæ um fullnýtingu framkvæmdarfés 2017.

Umhverfi og öryggi

- Hverfisráð hvatti íbúa til þátttöku í vortiltekt í sveitarfélaginu með hreinsunarviku dagana 14-18. maí 2018. Hverfisráð var í samskiptum við starfsmenn Ísafjarðrabæjar og miðluðu upplýsingum til íbúa um skipulag.
- Hverfisráð kom á framfæri óánægju íbúa vegna ónæðis af kríuvarpi á Skeiði og hvatti Ísafjarðarbæ til að leita lausna í þeim efnum.
- Hverfisráð benti á að þörf væri á malbikuðum göngustígum á milli gatna sem að mætast við efra og neðra Holtahverfi. Jarðvegur á þessu svæði væri lélegur og gjarnan myndist þar drullusvað. Það var ekki talið ásættanlegt þar sem um ræðir fjölfarnar gönguleiðir íbúa. Hverfisráð telur þörf á því að bæta aðgengi. Einnig var bent á að huga megi að endurbótum á slitlagi á göngustíg sem liggur frá Holtahverfi að verslun Bónus. Bæjarráð samþykkti svo á fundi 14. maí að setja göngustíga á milli efra og neðra hverfis á fjárfestingaáætlun. Ekki er vitað um stöðuna á því máli í dag.
- Í september benti hverfisráð Ísafjarðarbæ á að lokanir milli gatna efra og neðra Holtahverfis, sem sagt steypustaurar og keðjur sem hanga milli þeirra, væru illa sýnilegar í myrkri. Það var tillaga hverfisráðs að Ísafjarðarbær stuðli að auknu umferðaröryggi vegfarenda með glitmerkingum á þessum stöðum. Þá var sérstaklega litið til öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Í október sendi hverfisráð erindi til umhverfis- og framkvæmdanefndar Ísafjarðrabæjar eftir ábendingu íbúa vegna minnisblaðs umhverfisfulltrúa varðandi göngustígakerfi í Ísafjarðarbæ þar sem sá möguleiki er tilgreindur að nýta vinnuslóða upp að Kubba sem göngustíg. Hverfisráð gerði athugasemd við þennan lið og taldi hann fara á skjön við þær samþykktir og loforð til íbúa sem hafa verið gefin um frágang á framkvæmdasvæði stoðvirkjana við Kubba. Þar með er vísað í ákvæði greinargerðar sem er hluti af gildandi deiliskipulagi á svæðinu. Í kjölfar athugasemda tók nefndin ákvörðun um að fella út hugmyndir um stíg upp þjónustuveg í Kubba.

- Hverfisráð fékk til umfjöllunar úttekt umhverfisfulltrúa á ástandi gangstétta í Ísafjarðarbæ og gerði þar nokkrar athugasemdir.

Umbætur í hverfunum

- Með þeim formerkjum að hverfisráð hafi aðeins ráðstafað kr. 2.560.000,- til uppbyggingar í hverfunum fyrir framkvæmdarfé 2017 og 2018 sem samanlagt er kr. 4.000.000,-, vildi hverfisráð kanna vilja Ísafjarðarbæjar til umbóta í hverfunum með fullnýtingu fjármagns beggja ára.
- Óskað var eftir að ráðstafa hluta af framkvæmdafé í samráði við Ísafjarðarbæ til ýmisa smá verkefna sem fælu í sér umbætur fyrir umhverfi okkar. Hugmyndir voru í samræmi við tillögur íbúa og fólu til að mynda í sér endurbætur á körfuboltavelli, skilti á leikvöllinn og hjólagrind.
- Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn hjá Ísafjarðarbæ, sem leggur áherslu á aðeins væri hægt að nýta framkvæmdarfé ársins 2018.

Tengiliðir hverfisráðs

- Í desember skipaði bæjarstjórn tengiliði hverfisráða og er hlutverk þeirra að fylgja eftir málefnum síns byggðakjarna. Vonast er til að meira traust skapist milli íbúa og bæjarfulltrúa, hverfisráðin verði enn meira ráðgefandi, meiri staðarþekking verði til hjá bæjarfulltrúum og samskipti milli hverfisráð og bæjarfulltrúa verði meiri og í fastari skorðum.
- Tengiliðir hverfisráðs Holta- Tungu- og Seljalandshverfa eru Hafdís Gunnarsdóttir og Aron Guðmundsson.